


Deloitte.



Fjármálastjórakönnun Deloitte

Haut 2017

Desember 2017

Fjármálastjórakönnun Deloitte | Haust 2017

Bjartsýni fjármálastjóra minnkar

Meðfylgjandi eru niðurstöður úr fjármálastjórakönnun Deloitte. Könnunin var sett á laggirnar að fyrirmynd Deloitte á alþjóðavísu og er tilgangur hennar að sýna mat fjármálastjóra á stöðu fyrirtækja og efnahagsumhverfisins. Þessi könnun er gerð tvisvar á ári og er þetta í áttunda sinn sem könnunin er framkvæmd. Rafrænn spurningalisti var sendur til fjármálastjóra 300 stærstu fyrirtækja landsins í nóvember síðastliðnum og viljum við þakka þeim kærlega fyrir þátttökuna.



Staða og horfur

- Dregið hefur úr bjartsýni fjármálastjóra varðandi rekstrarniðurstöðu en um 35% telja að EBITDA muni aukast á næstu 12 mánuðum, samanborið við 65% síðastliðið haust. Almennt telja fjármálastjórar að fjárhagsleg áhætta þeirra fyrirtækis hafi staðið í stað (62%) eða nokkuð dregið úr henni (25%).
- Áfram dregur úr bjartsýni fjármálastjóra gagnvart vaxtartækifærum.
- Á komandi ári mun meirihluti (65%) fyrirtækja leggja áherslu á að lækka kostnað.



Fjármögnun og fjárfestingar

- Mikill meirihluti fjármálastjóra (80%) hefur markmið um að halda skuldsetningu óbreyttri eða draga nokkuð úr henni á næstu 12 mánuðum.
- Um helmingur fjármálastjóra telur framboð á nýju lánsfé nokkuð mikið.
- Almennt stefna fyrirtæki ekki á fjárfestingar (45%), utan fjárfestingar í varanlegum rekstarfjármunum (47%).
- Fæst fyrirtæki hafa áætlanir um erlendar fjárfestingar eða lántökur á næstu 12 mánuðum en 86% fjármálastjóra segja engar fyrirætlanir um slíkt.



Markaður og efnahagur

- Minni bjartsýni gætir til hagvaxtar. Um fimmtungur telur að hagvöxtur muni aukast á næstu tveimur árum.
- Gengisþróun krónunnar heldur áfram að vera stærsti ytri áhættuþáttur fyrirtækja og telur meirihluti fjármálastjóra að gengi íslensku krónunnar muni haldast óbreytt eða veikjast nokkuð á næstu sex mánuðum.
- Fjármálastjórar telja flestir að hlutabréfaverð á markaði (OMX18) muni haldast óbreytt eða hækka nokkuð.



Stjórn málaumhverfi

- Meirihluti fjármálastjóra (60%) telur að niðurstöður nýafstaðinna Alþingiskosninga muni hafa óljós eða engin áhrif á rekstur þeirra fyrirtækis.
- Fleiri fjármálastjórar eru ósáttir (40%) með núverandi skattkerfi en þeir sem eru sáttir (23%).
- Sambærilegt við niðurstöðu síðastliðið haust telur stór hluti fjármálastjóra að stjórnvöld ættu að leggja áherslu á einföldun skattkerfis og frekari lækkanir á tryggingargjaldi.


Á heimasíðu Deloitte má sjá upplýsingar um þjónustuframboð Fjármálaráðgjafar Deloitte, www.deloitte.is
Hægt er að nálgast könnunina á heimasíðu Deloitte, www.deloitte.is

Þátttakendur


Velta og atvinnugreinar

- Um helmingur svarenda starfar hjá fyrirtækjum með veltu yfir 5 ma.kr. á ári
- Flest svör fengust frá fjármálastjórum fyrirtækja í iðnaði og framleiðslu ásamt verslun og þjónustu.

Hver var velta fyrirtækisins á síðasta ári?




Undir hvaða atvinnugrein fellur þitt fyrirtæki?




Ríkisstjórn og áherslur í skattkerfi

- Meirihluti, eða um 60% fjármálastjóra, telja að niðurstöður nýfstaðinna Alþingiskosninga muni hafa óljós eða engin áhrif á rekstur þeirra fyrirtækis. Um 6% töldu að niðurstöðurnar myndu hafa jákvæð áhrif.
- Fleiri fjármálastjórar eru frekar eða mjög ósáttir (40%) með núverandi skattkerfi en þeir sem eru frekar eða mjög sáttir (23%).
- Líkt og fyrir ári síðan telur meirihluti fjármálastjóra að stjórnvöld ættu að leggja áherslu á einföldun skattkerfis og frekari lækkanir á tryggingargjaldi.


Hvernig áhrif telur þú að niðurstöður nýfstaðinna kosninga til Alþingis muni hafa á rekstur þíns fyrirtækis?



Hversu sátt(ur) eða ósáttur(ur) ert þú við núverandi skattkerfi?



Hverjar telur þú að áherslur nýrra stjórnvalda ættu að vera þegar kemur að skattkerfinu?*



* Merkja mátti við fleiri en einn valkost


■ Haust 2017 ■ Haust 2016

Væntingar til næsta árs


Rekstur

- Dregið hefur úr bjartsýni fjármálastjóra gagnvart aukningu tekna og EBITDA á næstu 12 mánuðum.
- Fjármálastjórar sem telja að EBITDA muni dragast saman á næsta ári (37%) eru fleiri en þeir sem telja að hún munir aukast (35%).
- Fleiri eru hlutlausir en áður hefur verið og telja að EBITDA verði óbreytt á næstu 12 mánuði.

Hvernig telur þú að tekjur í þínu fyrirtæki muni próast á næstu 12 mánuðum?




Hvernig telur þú að EBITDA í þínu fyrirtæki muni próast á næstu 12 mánuðum?




Fjárhagsleg áhætta

- Almennt telja fjármálastjórar fjárhagslega áhættu hafa staðið í stað eða minnkað nokkuð. Fjárhagsleg áhætta getur m.a. tekið til skuldsetningar, óvissu, verðmats eigna og vaxtastigs.
- Fimmtungur fjármálastjóra telja að nú sé góður tími til að auka áhættu.
- Um 69% fjármálastjóra nefna gengisþróun krónunnar sem einn af helstu ytri áhættuþáttum og heldur gengisþróun áfram að vera stærsti einstaki ytri áhættuþáttur í rekstri fyrirtækja.
- Hlutfall þeirra fjármálastjóra sem nefndu gengisþróun krónunnar sem helsta áhættuþátt var 72% haustið 2016 og 80% síðastliðið vor.


Hefur fjárhagsleg áhætta fyrirtækis þíns breyst á síðustu 12 mánuðum?



Telur þú að nú sé góður tími til að auka áhættu í efnahagsreikningi?



Hvaða ytri áhættuþættir hafa helst áhrif á rekstur þíns fyrirtækis?*




* Merkja mátti við fleiri en einn valkost

Ráðningar og fjárfestingar


Ráðningar og fjárfestingar

- Fjármálastjórar telja að ráðning nýrra starfsmanna muni í langflestum tilvikum haldast óbreytt eð
- Um helmingur fyrirtækja stefnir á fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum. Færri stefna nú á fjárfestingar en áður.

Hvernig telur þú að ráðning nýrra starfsmanna í þínu fyrirtæki muni þróast á næstu 12 mánuðum?




Stefnir þitt fyrirtæki á fjárfestingar?




Tækifæri, horfur og áherslur

- Áfram dregur úr bjartsýni fjármálastjóra gagnvart vaxtataækifærum.
- Færri fjármálastjórar en áður telja fjárhagslegar horfur hafa breyst til hins betra á síðustu þremur mánuðum eða um 13%, samanborið við 30% síðastliðið vor.
- Flest fyrirtæki stefna á að lækka kostnað og stækka með innri vexti. Áherslur eru svipaðar og á fyrri árum. Töluvert dregur úr áformum um auknar fjárfestingar eða stækkun með ytri vexti eða yfirtökum.


Hlutfall fjármálastjóra sem telja vaxtataækifæri síns fyrirtækis hafa breyst til hins betra á síðustu sex mánuðum



Hlutfall fjármálastjóra sem telja fjárhagslegar horfur síns fyrirtækis hafa breyst til hins betra á síðustu þremur mánuðum



Hvað af eftirfarandi verður lögð áhersla á innan fyrirtækisins á næstu 12 mánuðum?*



* Merkja mátti við fleiri en einn valkost

■ Haust 2017


■ Haust 2016

Fjármögnun


Fjármögnun fyrirtækja

- Meirihluti (60%) telur útgáfu nýs hlutafjár hagkvæma fjármögnunarleið við núverandi aðstæður. Um 43% segir hið sama um útgáfu skuldabréfa.
- Um helmingur fjármálastjóra telur nýja lántöku hjá bönkum hagkvæma.
- Aðspurðir um kostnað við nýtt lánsfé, þá telja rúmlega átta af hverjum tíu að ný lántaka sé dýr eða nokkuð dýr.


Telur þú að útgáfa nýs hlutafjár sé hagkvæm fjármögnunarleið fyrir fyrirtæki við núverandi aðstæður?



Telur þú að útgáfa skuldabréfa sé hagkvæm fjármögnunarleið fyrir fyrirtæki við núverandi aðstæður?



Telur þú að ný lántaka hjá bönkum sé hagkvæm fjármögnunarleið fyrir fyrirtæki við núverandi aðstæður?




Hver af eftirfarandi fullyrðingum telur þú að eigi við um kostnað við nýtt lánsfé fyrir fyrirtæki?




Fjármögnun fyrirtækja

- Líkt og undanfarin ár telja fjármálastjórar framboð á nýju lánsfé sé nokkuð mikið. Meirihluti fjármálastjóra er þeirrar skoðunar að stýrivextir séu of háir.
- Flest fyrirtæki stefna á að halda skuldsetningu sinni óbreyttri eða draga nokkuð úr henni.


Hver af eftirfarandi fullyrðingum telur þú að eigi við um framboð á nýju lánsfé fyrir fyrirtæki?



Hlutfall fjármálastjóra sem telja stýrivexti Seðlabanka Íslands of háa




Hvert er markmið þitt þegar kemur að skuldsetningu þíns fyrirtækis á næstu 12 mánuðum?




Markaðs- og efnahagslegir vísar

- Fjármálastjórar telja flestir að hlutabréfaverð muni haldast óbreytt eða hækka nokkuð.
- Fjármálastjórar eru töluvert minna bjartsýnir á að hagvöxtur muni aukast á Íslandi á næstu tveimur árum en áður.
- Meirihluti fjármálastjóra telur að gengi íslensku krónunnar muni haldast óbreytt eða veikjast nokkuð á næstu sex mánuðum.
- Um 26% fjármálastjóra telja líklegt að þeir muni beita formlegum áhættuvörnum gegn gengissveiflum íslensku krónunnar á næstu 12 mánuðum

Hver af eftirfarandi fullyrðingum telur þú að muni eiga við um OMXI8 vísitöluna eftir 6 mánuði?




Hlutfall fjármálastjóra sem telja að hagvöxtur á Íslandi muni aukast á næstu tveimur árum




Vor 2015 Haust 2015 Vor 2016 Haust 2016 Vor 2017 Haust 2017

Hver af eftirfarandi fullyrðingum telur þú að muni eiga við um gengi íslensku krónunnar á næstu sex mánuðum?




Telur þú líklegt að fyrirtæki þitt muni beita formlegum áhættuvörnum gegn gengissveiflum íslensku krónunnar á næstu 12 mánuðum?




Markaðs- og efnahagslegir vísar

- Meirihluti fyrirtækja hefur engar áætlanir um erlendar fjárfestingar eða lántökur á næstu 12 mánuðum.
- Fjármálastjóra sjá jákvæða þróun í aðgangi að fyrirgreiðslu erlendis frá t.d að lánum og birgðafjármögnun.
- Tæplega fjórðungur fjármálastjóra hafa fundið fyrir auknum áhuga erlendra fjárfesta á fjárfestingum hérlendis undanfarna 6 mánuði


Hefur fyrirtækið þitt uppi áætlanir um nýjar fjárfestingar erlendis eða lántöku frá erlendum aðilum á næstu 12 mánuðum?




Hversu líklegt telur þú að ráðist verði í fyrirhuguð viðskipti?



Hefur orðið breyting á aðgangi fyrirtækisins að fyrirgreiðslu erlendis (t.d. lánum, birgðafjármögnun o.þ.h.) sl. 12 mánuði?



Hefur fyrirtækið þitt fundið fyrir auknum áhuga erlendra fjárfesta á fjárfestingum hérlendis undanfarna 6 mánuði?



**Ábyrgðarmaður:**

Lovisa A. Finnbjörnsdóttir
Meðeigandi, Sviðsstjóri Fjármálaráðgjafar

Sími: 770-4942
lovisa@deloitte.is

**Tengiliður:**

Haraldur I. Birgisson
Meðeigandi, Forstöðumaður viðskipta- og markaðstengsla

Sími: 822-7570
hib@deloitte.is

Undir vörumerki „Deloitte“ sameinast kraftar þúsunda sérfræðinga sem starfa hjá sjálfstæðum félögum um allan heim við að veita viðskiptavinum þjónustu á sviði endurskoðunar, ráðgjafar, fjármála, áhættustjórnunar og skattamála. Þessi félög eru aðilar að Deloitte Touche Tohmatsu Limited (DTTL), sem er breskt einkahlutafélag (private company limited by guarantee). Hvert aðildarfélag veitir þjónustu á tilteknu landssvæði og er bundið þeim lögum og fagreglum sem þar gilda. Félagið DTTL innir ekki af hendi þjónustu til viðskiptavina. DTTL og aðildarfélög þess eru aðskildir og sérgreindir lögaðilar sem ekki geta skuldbundið hvert annað. DTTL og aðildarfélög þess bera eingöngu ábyrgð á eigin gjörðum eða vanrækslu en ekki á aðgerðum hvers annars. Hvert aðildarfélag DTTL er skipulagt í samræmi við innlend lög, reglugerðir, viðskiptavenju og aðra þætti, og getur veitt sérfræðipjónustu á starfssvæði sínu í gegnum dótturfélög, tengd félög, og/eða önnur félög.

Deloitte veitir bæði opinberum aðilum og einkafyrirtækjum í fjölmörgum atvinnugreinum endurskoðunar-, skatta-, ráðgjafar- og fjármálaþjónustu. Alþjóðlegt sérfræðinet Deloitte tengir saman sérfræðinga í 150 löndum þannig að saman fari ítarleg staðbundin þekking og alþjóðleg hæfni, viðskiptavinum til hagsbóta. Hjá Deloitte starfa um 220.000 sérfræðingar sem stefna saman að því að veita ávallt framúrskarandi þjónustu.

Enginn aðili í sérfræðineti Deloitte skal gerður ábyrgur fyrir tjóni sem kann að verða hjá þeim sem reiðir sig á þetta rit.

Höfundaréttarvarið © 2017 Deloitte Global Services Limited / Deloitte ehf.